

Reykjavík, 31. 5. 2022

Berist til:

Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis

Efni:

Umsögn um frumvarp til laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki nr. 152/2009 (framlenging bráðabirgðaákvæða), 569. mál.

Ágæta Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Ég, undirrituð, óska eftir að þið endurskoðið frumvarp til laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.

Í frumvarpinu er lagt til að lækkun á frádráttarhlutfalli lítilla og meðalstórra fyrirtækja úr 35 hundraðshlutum í 30 hundraðshluta og lækkun á hámarki kostnaðar til útreiknings á frádrætti úr 1.100 millj. kr. í 1.000 millj. kr.

Ég vil skora á ykkur að lækka hvorki prósentuhlutfall né hámark kostnaðar til útreiknings á frádrætti og taka heldur skrefið enn lengra og festa prósentuhlutföllin fyrir endurgreiðslu á rannsóknar og þróunarkostnaði eins og þau eru til framtíðar. Rökin fyrir því eru eftirfarandi:


- Við munum rýra samkeppnisforskot okkar sem þjóðar að gera þessa breytingu. Það er æskilegt að við höldum prósentuhlutfalli og þaki sem hæstu til þess að íslensk fyrirtæki sem sækja á erlenda markaði þrói lausnir og þjónustu sína hérlandis í stað erlendis. Þar með höldum við þekkingu hérlandis og drögum mögulega til landsins starfsfólk með sérþekkingu sem hefur áhuga á að starfa við nýsköpun hér á landi. Þjóðir heims eru um þessar mundir að keppast um sérfræðinga í STEAM greinum og Ísland er þar engin undantekning.
- Sýna má einnig fram á að þessi endurgreiðsla hafi bein áhrif á að auka erlendar tekjur sem koma til landsins þannig að líta má á þetta endurgreiðsluhlutfall sem fjárfestingu sem skilar sér fljótt til baka í formi erlendra tekna.
- Nýverið kom fram að hugvitið skilar nú 16% af erlendum tekjum Íslands og hafa tekjurnar vaxið umtalsvert á síðustu árum (covid árum). Það munar um minna og þarna má sjá hag af því að setja ekki öll eggin í sömu körfuna og byggja efnahag okkar á fleiru en náttúruauðlindum landsins.
- Við þurfum að færa Ísland frá því að vera auðlindadrifið hagkerfi yfir í hugvitsdrifið hagkerfi og það hefur aldrei verið brýnna en einmitt núna þegar sjálfbærni, umhverfis- og loftslagsmál eru mál málanna.
- Ísland getur orðið að alvöru nýsköpunarlandi ef við höldum áfram á þeirri braut sem ríkisistjórnin hefur lagt síðustu 4-5 ár.

Sem sagt, ég er sannfærð um að íslenska ríkið þessi útgjöld ríkisins margfalt til baka með auknum erlendum tekjum og auknu flæði erlendra og innlendra sérfræðinga til landins.

Hér er búið að lyfta grettistaki í nýsköpunarmálum landsins síðustu ár, það væri synd að sjá það kæmi högg á þá flottu vegferð sem Ísland er á.

Að lokum, það skiptir máli að sjá úttektir um samkeppnishæfni landsins hækka ár frá ári og að við færum okkur í þeim úttekt nær hinum norðurlöndunum.

Með vinsemd og virðingu,



Ragnheiður H. Magnúsdóttir,

Framkvæmdastjóri hjá breytingastjórnunarfyrirtækinu Maggar, stjórnarformaður nýsköpunarfyrirtækjanna Gefn og Hoobla, fyrrverandi formaður tækninefndar hjá Vísinda- og tækniráði, fyrrverandi stjórnarmaður hjá Tækniþróunarsjóði Rannís, fyrrverandi formaður Hugverkaráðs og Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja hjá SI, MSc. í véla- og framleiðsluverkfræði og nýsköpunaráhugamanneskja.